

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2024

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/543 frá 9. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar úthlutun til aðildarríkjanna á mati á virkum efnunum, sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13zzze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 0543**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/543 frá 9. mars 2023 (Stjtið. ESB L 73, 10.3.2023, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/543, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 73, 10.3.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.